

72. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um verðlaun fyrir að bjarga mönnum úr lífsháska.

1866.
20. ágúst.

Með bréfi dagsettu 24. maímán. þ. á. hafð þér, herra stiptamtmaður, sent hingað eptirrit og útlekkingu á dönsku af vottorði, er borið hefir verið fyrir lögreglurètti Reykjavíkur 13. marzmán. þ. á., um hina djörfu framgöngu Bjarna Oddssonar, hafnsögumanns úr Reykjavík, og háseta hans, 9. marzmán. þ. á., til þess að bjarga þremur mönnum, sem sökum ísreka voru komnir í mikinn lífsháska á sjó. Hafð þér mælt fram með, að þeim, sem björgudu mönnunum, verði veitt verðlaun, og finnst yður mátulegt að setja þau á 2 ríkisdali handa hafnsögumanninum og 2 ríkisdali handa hverjum af hásetum hans, en þeir voru 9 alls.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér gjörið þær ráðstafanir, sem þörf er á, að dómsmálastjórnin eptir atvikum þeim, sem skýrt hefir verið frá, hefir veitt Bjarna Oddssyni, hafnsögumanni og hásetum hans 32 ríkisdala verðlaun, og skal lögreglustjórnin skipta þeim á milli þeirra, eins og honum lízt. Landfógetanum hefir í dag verið skrifað um að greiða fè þetta úr jafðabókarsjóði Íslands, þegar þér krefist þess.

73. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um að leggja hjáleiguna Býlubúð í eyði.

20. ágúst.

Með bréfi dagsettu 17. maímán. þ. á. hafð þér, herra amtmmaður, sent hingað bréf með fylgiskjali, þar sem Árni Thorlacíus, umboðsmaður yfir Arnarstapa umboði, fer þess á leit eptir beiðni Kristjáns Gíslasonar, hreppstjóra, leiguliða á Bjarnabúð og Býlubúð, hjáleigum frá umboðsjörðinni Arnarstapa, að það megi steypa hjáleigum þessum saman og rífa húsin í Býlubúð, með því að leiguliðinn að öðrum kosti ætli sèr að segja hjáleigunum lausum, og það muni verða mjög erfitt að byggja þær